



Forsendur fyrir hönnun og staðsetningu KJ-
30

Ásgrímur Guðmundsson

Greinargerð ÁsG-97-03

Forsendur fyrir hönnun og staðsetningu holu KJ-30

Staðsetning

Holu KJ-30 hefur verið valinn staður á borplani holu KJ-19 (mynd 1), um 40 m norðan við hana. Þar var höggborað 8. sept. - 19. okt. 1982 niður á 56 m dýpi og sett niður föðring og hún steyppt. Í dagbókum um verkið er holan nefnd höggborshola 27, en höggbor 3 meitlaði hana niður. Á þessum tíma voru skáboranir mjög ofarlega í huga manna og var þegar byrjað að beita þeirri tækni í Kröflu. Einn af kostum skáborana er sá að hægt er að bora inn undir svæði, sem ekki er hægt að koma bor á einhverra hluta vegna. Í þessu tilviki er landfræðilega útilokað, nema með miklum tilkostnaði, að setja bor í vesturhlíðar Kröflu. Því var sá kostur valinn að velja holunni stað á borplani holu KJ-19 með það í huga að bora undir vesturhlíðar Kröflu. Ákvörðun um þennan stað þýðir að ýtt sé úr vör hugmynd, sem er jafn viðeigandi nú og hún var fyrir 14 árum síðan.

Til hliðsjónar af borun holu KJ-30 voru valin gögn úr holum KJ-19 og KJ-20, en KJ-20 var skáboruð 1982 úr suðurhlíðum Kröflu, undir Kröflufjall. Heildarfrávik hennar frá holutoppi í láréttu plani er 642 m.

Lýsing á staðháttum

Vesturhlíðar Kröflu einkennast af ummerkjum mikilla umbrota. Í rótum hlíðanna liggr Hveragilssprungan, sem er einn helsti uppstreymisstaður jarðhitans á Kröflusvæðinu. Gilið sjálf er eins konar knippi af sprengigígum, sem gætu bæði hafa myndast vegna kviku og gufu áhrifa. Bogadregnar línum sprengigíganna teygja sig langt upp í Kröflufjall og neðan þeirra eru brattar hlíðar. Það er viðtekin skoðun að hið mikla umrót sem átt hefur sér stað við myndun sprengigíganna, sé megin ástæða fyrir mikilli hveravirkni á þessu svæði. Þar af leiðir að leiðni um sprungur eða sprungunet er væntanlega meiri en annars staðar. Hluti af sprungunum hefur vafalaust fyllst af útfellingum. Misgengi sjást í Suðurhlíðum sem liggja með stefnu VNV-ASA og skera þau vafalaust Hveragilssprunguna. Mestur virkur jarðhiti í Suðurhlíðum er tengdur þessum misgengjum. Á mynd 2 er sýnd afstaðaða væntanlegrar holu KJ-30 til misgengjanna í Suðurhlíðum en auk þess að skera þau er hún boruð inn í sprengigigasvæðið. Stefna holunnar verður 15° ($+/- 15^\circ$) og uppbygging halla $2 - 2,5^\circ/30$ m í allt $30 - 35^\circ$.

Hola KJ-19 var boruð í suðurhlíðar Kröflu sumarið 1982. Hún var staðsett eins norðanlega og landslag leyfði án verulegs tilkostnaðar. Hitamælingar sýndu að holan var vel lek niður á 1900 m dýpi. Ennfremur kom í ljós að það þurfti allt að 20 l/s dælingu á holuna til að hindra millirennslu úr efri æðum niður í botnæðarnar. Mynd 3 sýnir hita- og þrýstiástand við holu KJ-19 og mynd 4 sýnir borhraða og skoltag meðan á borun stóð. Til hliðsjónar á báðum myndunum er einfaldað jarðlagasnið. Í viðauka 1 eru hitamælingar frá því borun og svo hita- og þrýstimælingar frá upphitun að borun lokinni.

Hola KJ-20 var staðsett og boruð sumarið 1982 með það í huga að skábora undir Kröflufjall og skera þar VNV-ASA misgengin í Suðurhlíðum, í vinnsluhluta holunnar neðan 700 m dýpis. Þetta er fyrsta holan hér á landi sem var skáboruð með þar til gerðum tækjum og er þá átt við

að stjórna bæði stefnu og halla. Það gekk eftir eins og sést á mynd 5. Upplýsingar úr holunni gefa til kynna að misgengjunum halli um 8° til norðurs og var það m.a. lagt til grundvallar við hönnun holu KJ-30, þ.e. varðandi uppybyggingu halla og stefnu og afstöðu til misgengjanna. Á mynd 6 er sýnt hita- og þrýstiástand við holu KJ-20 eins og það er þekkt og á mynd 7 eru sýnd skoltap og borhraði við borun holunnar. Á báðum myndunum er einfaldað jarðlagasnið haft til hliðsjónar. Í viðauka 2 eru hitamælingar frá því borun og svo hita- og þrýstimælingar frá upphitun að borun lokinni.

Til samanburðar við holu KJ-30 þá er höfð hér með stutt lýsing af megindráttum jarðlaga og er þá miðað við holu KJ-19. Það má aftur á móti ráða af mynd 6 við hverju megi búast þegar tittnefnd Suðurhlíðamisgengi hafa verið skorin:

Móbergsmyndun 60 - 350 m dýpi. Ljósgrænt túff er einkennandi fyrir þessa myndun niður á 170 m dýpi, en þar neðan við og að neðri mörkum eru breksiur ráðandi. Nokkur finkorna basaltlög eru skorin á þessu dýptarbili. Lítið skoltap mældist í efri hlutanum og þegar komið var í breksíuna neðan 270 m dýpis þá tapaðist allt skol öðru hvoru, en í borun var tapað að jafnaði 2-3 l/s. Greinileg æð sást í hitamælingu á 290 m dýpi. Mikil útvíkkun var í túffinu í efri hlutanum og var fljótlega erfitt að skola upp svarfinu. Því var borað með leðju frá rúmlega 150 m dýpi og niður í föðringardýpi öryggisföðringar á 203 m.

Basaltmyndun 350 - 570 m dýpi. Á fyrstu metrunum eru hraunlög og breksiur, en neðan 370 m dýpis er samfelld hraunlagamyndun. Um er að ræða fin- meðalkorna basaltlög, nokkuð blöðrótt og að hluta holufyllt. Neðarlega eru þrjú grófkorna basaltlög. Skoltap mældist 3 - 5 l/s í borun og öðru hvoru tapaðist allt skol. Ein æð á 535 m dýpi kom skýrt fram í hitamælingum.

Innskotamyndun 570 - 700 m dýpi. Efst er 40 m þykkt finkorna fersklekt innskot og þar neðan við taka við grófkorna dólerít innskot. Ummyndun er óveruleg í innskotunum. Sambærilegt sást í holum KJ-16 og KJ-18, en ekki KJ-14 og KJ-17.

Móbergsmyndun 700 - 820 m dýpi. Þessi myndun er óvenju þunn í þessari holu, sem stafar af annars vegar innskotunum ofan við og svo súra berginu neðan við. Dólerít innskot skera móbergið af og til.

Súrt berg 820 - 1000 m dýpi. Súra bergið á þessu dýpi er séreinkenni jarðfræði Suðurhlíða. Sambærilegt sést til dæmis ekki í Leirbotnum né Hvíthólum. Æðar tengjast þessum berglögum (þau eru fleiri en eitt) í Suðuhlíðaholunum og jókst skoltap úr 1 l/s í tæpa 8 á þessum kafla. Bergið er ljóst eða nánast hvítt að sjá þunn basaltinnskot sjást í því.

Móbergsmyndun 1000 - 1200 m dýpi. Móbergsbreksiur eru ráðandi niður í 1100 m, en þar neðan við er fjöldi dólerít innskota sem sker myndunina.

Innskotaberg 1200 - 2150 m dýpi. Innskotaberg er ráðandi á öllum þessum kafla og á milli glittir oft í ummyndað basalt eða breksiur. Efst er finkorna basaltinnskot sem olli vandræðum í borun vegna mikils hruns úr því, en það varð að steypa í það svo að borun gæti haldið áfram. Þá taka við grófkorna basalt og dólerít innskot sem eru mest áberandi niður í 1800 m. Þrjú súr innskot sáust, á 1525-1530 m, 1540-1545 m og 1775-1780 m. Liklegt er að vatnsæðar tengjast þeim öllum. Frá 1830 - 1995 m eru súrar bergtegundir ráðandi og neðsta vatnsæðin er í þeim kafla. Gabbró eða mjög grófkorna dólerít er í neðstu 150 metrunum.

Forsendur fóðrunardýpis

Við hönnun háhitahola eru það einkum tvær meginforsendur sem ráða dýpi fóðringa:

Jarðfræðilegar forsendur ráða mestu um hönnun holunnar. Þá er ákveðið hve djúpt skuli borað og af hvaða dýptarbili vinnslan skuli eiga sér stað (opni hluti holunnar). Dýpt fóðringa ræðst af bordýpt næsta boráfanga eftir að fóðring er steypt. Þannig ræðst dýpt vinnslufóðringar af heildardýpi holu þegar öryggiskröfur setja skilyrði á dýpt fóðringa.

Öryggisforsendum þarf að fullnægja með því að setja nokkrar fóðringar í holuna, þannig að ávalt sé tryggt að síðasta fóðringin geti tekið á sig á hámarksþrýsting sem vænta má við borun næsta áfanga á eftir, fari holan óvænt í gos. Þessu er náð með því að setja þjár fóðringar í háhitaholur:

1. Yfirborðsfóðringu	frá 0 til 15m/100 m
2. Öryggisfóðringu	frá 0 til 200m/600 m
3. Vinnslufóðringu	frá 0 til 600m/1200 m

Fóðringar þessar eru settar að lokinni borun hvers áfanga og eru steyptar fastar. Öryggiskröfur leiða til þess að fóðringar skarist um 40 %, en minn skörun er algeng í Kröflu eða um 30 %.

Ákveðið hefur verið að bora holu KJ-30 niður í 2.000 m dýpi og hefur sídd fóðringa verið áætluð sem hér segir:

1. Yfirborðsfóðring	56 m (var frágengin 1982)
2. Öryggisfóðring	Allt að 300 m dýpi
3. Vinnslufóðring	Allt að 800 m dýpi
4. Raufaður leiðari í vinnsluhluta holunnar	

Dýptartölur hér að ofan miðast við bordýpi.

Öryggislokar við borun

Til þess að loka holunni meðan borstengur eru í holunni eru svonefndir öryggislokar "blow-out preventers" og eru þeir af fjórum gerðum. Á mynd 8 er sýnt hvernig þeim er komið fyrir á holunni og val þeirra við hvern áfanga.

- Belggosvarar (Shafer og Hydril) loka að borstöngum, álagsstöngum og fóðringum. Er þá gumiþéttung þrýst saman og lokar hún þá holunni. Hitaþol þessara loka er takmarkað. Gert er ráð fyrir að belggosvarar verði hafðir á holunni við borun allra áfanga holunnar.
- Öryggisloki sem lokar að stöngum er með stáltungu og gumiþéttingu (Cameron). Lokinn getur aðeins þétt við borstengur og takmarkar það notkunarsvið hans. Loki af þessari gerð er notaður við áfanga 2 og 3.
- Pakkdós (Grant) er höfð efst á öryggisventlunum til að beina því sem úr holunni kemur út um hliðarstút og vernda þar með starfsmenn borsins gegn gufugosi. Í pakkdósinni er gumiþéttung sem snýst með stöngunum.
- Holulokar sem geta fullokað þegar tæki eru ekki í holunni verða hafðir í áfanga 2 og 3 og eru endanlegur aðaloki holunnar reyndar hafður á henni við áfanga 3.
- Kæfingarlokar eru hafðir til að hægt sé að dæla vatni eða þungri leðju í holuna eftir að öryggislokum hefur verið lokað til að "kæfa" holuna. Dæla borsins er fasttengd kæfingarlokanum (3") um stálliðaleiðslu eða sambærilegri lögn.

Niðurlag

Greinargerð þessi kemur sem viðbót við verksamning, KRA-08, milli Landsvirkjunar og Jarðborana hf. Hér er kveðið nánar á um hvernig hönnun holu KJ-30 á að vera auk þess sem lagðar eru til upplýsingar frá nærliggjandi holum, sem gætu reynst gagnlegar við framkvæmd verksins. Jafnframt fylgja með í viðauka 1 og 2 hitamælingar úr holum KJ-19 og 20 frá þeim tíma er þær voru boraðar.


Halli holu KJ-30

Bordýpi m	Hallauppb. 2,5° m	Heildar frávirk m	Raundýpi m	Hallauppb. 2° m	Heildar frávirk m	Raundýpi m	Halli 8 m	Sudur misgengi m	Norður misgengi m
0	0	0,00	0,00	0	0,00	0,00	8	112,00	160,00
300	0	0,00	300,00	0	0,00	300,00	8	153,75	201,75
330	2,5	1,31	329,97	2	1,05	329,98	8	157,93	205,93
360	5	3,92	359,86	4	3,14	359,91	8	162,10	210,10
390	7,5	7,84	389,60	6	6,28	389,74	8	166,28	214,28
420	10	13,05	419,14	8	10,45	419,45	8	170,45	218,45
450	12,5	19,54	448,43	10	15,66	449,00	8	174,63	222,63
480	15	27,31	477,41	12	21,90	478,34	8	178,80	226,80
510	17,5	36,33	506,02	14	29,16	507,45	8	182,98	230,98
540	20	46,59	534,21	16	37,42	536,29	8	187,15	235,15
570	22,5	58,07	561,93	18	46,69	564,82	8	191,33	239,33
600	25	70,75	589,12	20	56,96	593,01	8	195,50	243,50
630	27,5	84,60	615,73	22	68,19	620,83	8	199,68	247,68
660	30	99,60	641,71	24	80,40	648,23	8	203,85	251,85
690	32,5	115,72	667,01	26	93,55	675,20	8	208,03	256,03
720	35	132,93	691,59	28	107,63	701,68	8	212,20	260,20
750	35	150,13	716,16	30	122,63	727,67	8	216,38	264,38
780	35	167,34	740,74	30	137,63	753,65	8	220,56	268,56
810	35	184,55	765,31	30	152,63	779,63	8	224,73	272,73
840	35	201,75	789,89	30	167,63	805,61	8	228,91	276,91
870	35	218,96	814,46	30	182,63	831,59	8	233,08	281,08
900	35	236,17	839,03	30	197,63	857,57	8	237,26	285,26
930	35	253,38	863,61	30	212,63	883,55	8	241,43	289,43
960	35	270,58	888,18	30	227,63	909,53	8	245,61	293,61
990	35	287,79	912,76	30	242,63	935,51	8	249,78	297,78
1020	35	305,00	937,33	30	257,63	961,49	8	253,96	301,96
1050	35	322,21	961,91	30	272,63	987,47	8	258,13	306,13
1080	35	339,41	986,48	30	287,63	1013,45	8	262,31	310,31
1110	35	356,62	1011,06	30	302,63	1039,43	8	266,48	314,48
1140	35	373,83	1035,63	30	317,63	1065,42	8	270,66	318,66





1170	35	391,04	1060,21	30	332,63	1091,40	8	274,83	322,83
1200	35	408,24	1084,78	30	347,63	1117,38	8	279,01	327,01
1230	35	425,45	1109,35	30	362,63	1143,36	8	283,18	331,18
1260	35	442,66	1133,93	30	377,63	1169,34	8	287,36	335,36
1290	35	459,86	1158,50	30	392,63	1195,32	8	291,53	339,53
1320	35	477,07	1183,08	30	407,63	1221,30	8	295,71	343,71
1350	35	494,28	1207,65	30	422,63	1247,28	8	299,88	347,88
1380	35	511,49	1232,23	30	437,63	1273,26	8	304,06	352,06
1410	35	528,69	1256,80	30	452,63	1299,24	8	308,23	356,23
1440	35	545,90	1281,38	30	467,63	1325,22	8	312,41	360,41
1470	35	563,11	1305,95	30	482,63	1351,20	8	316,58	364,58
1500	35	580,32	1330,53	30	497,63	1377,18	8	320,76	368,76
1530	35	597,52	1355,10	30	512,63	1403,16	8	324,93	372,93
1560	35	614,73	1379,67	30	527,63	1429,15	8	329,11	377,11
1590	35	631,94	1404,25	30	542,63	1455,13	8	333,29	381,29
1620	35	649,14	1428,82	30	557,63	1481,11	8	337,46	385,46
1650	35	666,35	1453,40	30	572,63	1507,09	8	341,64	389,64
1680	35	683,56	1477,97	30	587,63	1533,07	8	345,81	393,81
1710	35	700,77	1502,55	30	602,63	1559,05	8	349,99	397,99
1740	35	717,97	1527,12	30	617,63	1585,03	8	354,16	402,16
1770	35	735,18	1551,70	30	632,63	1611,01	8	358,34	406,34
1800	35	752,39	1576,27	30	647,63	1636,99	8	362,51	410,51
1830	35	769,60	1600,85	30	662,63	1662,97	8	366,69	414,69
1860	35	786,80	1625,42	30	677,63	1688,95	8	370,86	418,86
1890	35	804,01	1649,99	30	692,63	1714,93	8	375,04	423,04
1920	35	821,22	1674,57	30	707,63	1740,91	8	379,21	427,21
1950	35	838,42	1699,14	30	722,63	1766,90	8	383,39	431,39
1980	35	855,63	1723,72	30	737,63	1792,88	8	387,56	435,56
2010	35	872,84	1748,29	30	752,63	1818,86	8	391,74	439,74
2040	35	890,05	1772,87	30	767,63	1844,84	8	395,91	443,91
2070	35	907,25	1797,44	30	782,63	1870,82	8	400,09	448,09
2100	35	924,46	1822,02	30	797,63	1896,80	8	404,26	452,26
2130	35	941,67	1846,59	30	812,63	1922,78	8	408,44	456,44
2160	35	958,88	1871,17	30	827,63	1948,76	8	412,61	460,61
2190	35	976,08	1895,74	30	842,63	1974,74	8	416,79	464,79
2220	35	993,29	1920,31	30	857,63	2000,72	8	420,96	468,96

Krafla 30+30 MW


Staðsetning holu KJ-30



1:5000



ÞESSI TEIKNING ER
MINNKUD ÚR
A1→A3
MINNKUN 1:2



V:\478\6.65L-1285

LITAKA	BREYTING	DAGSETNING	GERTI	SANDVIKT	UTGATA	BREYTING	DAGSETNING	GERTI	SANDVIKT	DAGSETNING	GERTI	SANDVIKT	Elast. tím.	FÖRD.	SAT*	STHAR*
														=	+	+
														NUMER		UTGATA
																LIN

Landsvirkjun

BORHOLA KJ-30

HALLI OG STEFNA

ORKUSTOFNUN

4.LBA.05.034


KRÖFLUSTÖD

VGK

YFIRFREDINSTÖFA
GUÐMUNDAR OG KRISTJÁNS


16C-58

Einfaldað jarðlagasnið, þrýstingur og berghiti



Mynd 3


Einfaldað jarðlagasnið, borhraði og skoltap í borun



Mynd 4


SUÐURHLÍDAR KRÖFLU

500 m



Mynd


Einfaldað jarðlagasnið, þrýstingur og berghiti



Mynd 6




Einfaldað jarðlagasnið, borhraði og skoltap í borun



Viðauki 1


17 Apr 1997 asg
L= 58019 Oracle

Krafla hola KJ-19
þrýstingur




17 Apr 1997 asg
L= 58019 Oracle

Krafla hola KJ-19
Reiknaður berghiti




 21 May 1997 asg
L = 58019 Oracle

Krafla hola KJ-19
Hítamælingar í lok vinnsluhluta




21 May 1997 asg
L= 58019 Oracle

Krafla hola KJ-19
Hítamælingar vegna fiskunar




21 May 1997 asg
L= 58018 Oracle

Krafla hola KJ-19
Hitamælingar vegna hruns




 21 May 1997 asg
L= 58019 Oracle

Krafla hola KJ-19
Hítamælingar fyrir vinnslufáðringu



21 May 1997 asg
L= 58019 Oracle


Krafla hola KJ-19
Hítamælingar fyrir öryggisföðringu



Viðauki 2


17 Apr 1987 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Prýstímaðingar




 17 Apr 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Reiknaður berghiti




17 Apr 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Upphítunarmælingar eftir borun




21 May 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hitamælingar i lok vinnsluhluta




 21 May 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hítamæling - Gat á borstöng
Dýpi 1810 m




21 May 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hítamæling - Krónuskipti
Dýpi 1500 m




 21 May 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hítamælingar - Breyting á borstreng
Dýpi 937 m




17 Apr 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hítamælingar vegna skáborunar



DS 17 Apr 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hitamælingar fyrir vinnsluföðringu



17 Apr 1997 asg
L= 58020 Oracle

Krafla hola KJ-20
Hítamælingar fyrir öryggisföðringu

